

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2001

frá 28. september 2001

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2001 frá 13. júlí 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1753/2000/EB frá 22. júní 2000 um að koma á kerfi til að fylgjast með meðaltölu tiltekinnar losunar koltvísýrings frá nýjum fólksbílum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21ad (tilskipun ráðsins 1999/32/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21ae. **32000 D 1753**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1753/2000/EB frá 22. júní 2000 um að koma á kerfi til að fylgjast með meðaltölu tiltekinnar losunar koltvísýrings frá nýjum fólksbílum (Stjtið. EB L 202, 10.8.2000, bls. 1).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Liechtenstein skal fara að þeim skuldbindingum um skýrslugjöf, sem kveðið er á um í ákvörðuninni, frá 2003.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 251, 20.9.2001, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 47, 20.9.2001, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 202, 10.8.2000, bls. 1.

2. gr.

Texti ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1753/2000/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.